



Hjálparsveitin **DALBJÖRG**

Útg. og ábm.: Hjálparsveitin Dalbjörg • 1. tbl. 14. árg. • Desember 2014



Gleðilegt ár!

Leiðari

Eins og margir hafa eflaust tekið eftir hefur verið mikið að gera hjá okkur í Hjálparveitinni Dalbjörg síðastliðið ár. Fyrir utan þau almennu verk sem eru meginþáttur í starfi okkar ásamt útköllum og aðstoðarbeiðnum, hefur mikil vinna farið í að betrubæta nýja húsið okkar sem hlaut nafnið Dalborg nú á vordögum, auk þess sem við vígðum húsið þann 17. maí. Í upphafi var farið í að sníða húsið að okkar þörfum, til dæmis var farið í að ryðja út innréttingum og innveggjum svo að björgunartæki og annar búnaður fengju nægt rými. Þó er vinna við endurbætur hússins langt frá því að vera lokið. Til stendur að koma nýju þaki á húsið og er undirbúningur þegar hafinn. Frekari fræm- kvæmdir þurfa að bíða betri tíma auk fjármuna.

Auk þess að vinna sleitulaust að endur-

bótum á húsinu hafa félagar Dalbjargar fengist við margt annað á árinu. Námskeið hafa verið vel sótt, farnar hafa verið þó nokkrar æfingafærðir auk þess sem haldnir hafa verið ótal fundir og vinnukvöld sem tengjast starfi sveitarinnar.

Ekki má gleyma að blásið hefur til sóknar í Unglingadeildinni Böngsum að nýju, þar sem krökkum úr 10. bekk Hrafnagilsskóla er boðið að kynnst starfi og tilgangi Hjálparveitarinnar Dalbjargar. Til að mynda er skyndihjálp kynnt fyrir krökkunum, en einnig er farið yfir ferðamennsku og marga aðra þætti. Farið er yfir þann búnað sem almennur björgunarsveitamaður þarf að kunna á og nota ásamt fleiru sem nýttist í starfi þegar farið er út á mörkina. Unglingastarfið er mikilvægt fyrir Dalbjörg, því úr þeirra röðum fáum við ungt og áhugasamt fólk til starfa með



Kristján H. Tryggvason.

sveitinni sem mun efla hana til muna þegar fram líða stundir.

Að lokum vil ég óska lesendum gleðilegs árs og þakka fyrir liðið ár.

*Kristján H. Tryggvason
formaður Dalbjargar.*



*Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár*



HÚSASMÍÐJAN

Lónsbakka · Sími 460 3500 · husa.is



Bústólpi framleiðir fóður fyrir nautgrip, sauðfé, svín, hross, varp- og alifugla.

Auk þess býður Bústólpi til sölu úrval af áburði, sáðvöru og öðrum vörum tengdum fóðrun og jarðrækt.

Bústólpi ehf · Oddeyrartanga · 600 Akureyri · Sími 460 3350 · www.bustolpi.is

*Víð óskum sjálfbodaldidum í Hjalparsveitinni
Dalbjörg, öðrum björgunarsveitum og
landsmönnum öllum, gledilegra jóla og þökkum
ánægjuleg samskipti á árinu.*



Ólafur Rúnar Ólafsson hrl.
Ásgeir Örn Blöndal Jóhannsson hdl.
Gunnar Sólnes hrl.
Sunna Axelsdóttir hdl.

PACTA Lögmenn . Hafnarstræti 91-95 . 600 Akureyri . Sími: 440 7900 . Fax: 440 7901

**Sendum viðskiptavinum
okkar og landsmönnum
öllum innilegar jóla- og
nýárskeðjur**



JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLITIR



Vígsla Dalborgar

Laugardaginn 17. maí sl. var nýtt húsnæði Hjálparveitarinnar Dalbjargar formlega vígt. Húsið ber nú nafnið Dalborg, en nafnið var valið eftir miklar vangaveltur og yfirferð á tilögum sem bárust í nafnasamkeppni sem efnt var til vegna valsins. Nafnið vísar til nafns Hjálparveitarinnar Dalbjargar og einnig til nafna á öðrum samkomustöðum í Eyjafjarðarsveit.

Veðrið lék við Dalbjargarféлага og gesti þennan dag og margir af sveitungum og velunnurum litu við. Boðið var upp á tertu, kleinur og auðvitað ís - í síðasta skipti í gamla blómaskálanum sem nú hefur fengið nýtt hlutverk.



Vígsla Dalborgar 17. maí.

Hannes Blandon, presturinn okkar, vígði húsið formlega og hafði mörg falleg orð um störf björgunarsveita í landinu. Oddvitinn okkar, Arnar Árnason, söng tvö vel valin lög og formaðurinn, Kristján Hermann Tryggvason, fór yfir húsnæðismálin okkar síðustu ár og ástæður þess að nýtt húsnæði var orðin nauðsyn fyrir okkur, en eins og flestir vita hafði eldra húsnæðið okkar sprengt utan af sér starfsemina á síðustu árum.

Hjálparveitin Dalbjörg hefur vaxið og dafnað mikið frá stofnun sveitarinnar fyrir rúmum 30 árum og hefur það áorkast vegna öflugts starfs góðra og duglegra féлага. Breytingar hafa verið miklar, en til dæmis hefur tækjakostur farið úr einni bifreið upp í öll þau tæki sem við eigum í dag. Félögum hefur fjölgað, menntun aukist og nú höfum við eignast nýtt húsnæði sem rúmar alla hluta starfsins okkar. Við erum nú staðsett í kjarna sveitarfélagsins og höfum trú á því að þetta efli starf Dalbjargarféлага enn frekar.

Það skal þó ávallt hafa í huga að það skiptir ekki máli hvers konar breytingar við göngum í gegnum og hvað við eignumst mörg ný tæki og tól, nema góðir félagar séu til staðar. Alltaf er það mannauðurinn sem skiptir okkur mestu máli og sem allt mæðir á. Án öflugra féлага og auðvitað hinna fjöldamörgu velunnara okkar væri sveitin ekki stödd þar sem hún er í dag.

Sunna Axelsdóttir.



Skiltið komið upp.



Skiltið okkar við veginn.



Gestir við vígsluna.



Snyrt til í kringum Dalborg.

FROST

Kælismiðjan Frost ehf.

Kælismiðjan Frost ehf.
Fjölnisgötu 4b
603 Akureyri
Sími 464 9400
Fax 464 9401
frost@frost.is

Kælismiðjan Frost ehf.
Lyngás 20
210 Garðabæ
Sími 464 9400
Fax 464 9402
www.frost.is

Heildarlausnir fyrir smærri og stærri verkefni í kæliiðnaði:

Frysti og kæligeymslur

Stálgrindarhús
Veggeiningar
Hurðir
Frysti og kælikerfi

Minni frysti og kæliklefar

Staðlaðir klefar frá 0,8 m²
eða eftir máli.
Sambyggð eða sjálfstæð frystikerfi

Verslanir

Kæli og frystimublur
Viðhalds og rekstrarþjónusta
Vaktþjónusta 24/7

Heilfrysting

Uppsjávar- eða bolfiskur
Sjálfvirkir plötufrystar, lóðréttir og láréttir
Frystikerfi

Einangrun

Lagna, kúta
Lesta og annarra rýma í skipum

Ráðgjöf og þjónusta

Hönnun
Bilanagreining og rekstrarráðgjöf
Kælimiðlar



Hópmýnd við Dalborg 17. maí.



Afhending Tyromont þyrlupokans.



Sr. Hannes Örn Blandon við vigslu Dalborgar.



Dalborgarskiltið sett upp.

Góðar gjafir

Gjöf frá Lionsklúbbum Vitaðsgjafa og Eyjafjarðarsveit

Í tilefni af 40 ára afmæli Lionsklúbbsins Vitaðsgjafa var Hjálparseitin Dalbjörg afhent gjafabréf þann 27. apríl sl. að upphæð kr. 750.000 til kaupa á búnaði í nýtt húsnæði Dalbjargar í Hrafnagilshverfi í Eyjafjarðarsveit, sem hefur fengið nafnið Dalborg. Eiður Jónsson tók við gjöfinni fyrir hönd Dalbjargarfélaga, en á myndinni má sjá Eið, Sigurgeir Hreinsson formann Vitaðsgjafa og Ingvar Þóroddsson sem tók einnig við styrk frá klúbbum.



Eiður, Sigurgeir og Ingvar. Tekið við gjöf frá Lionsklúbbum Vitaðsgjafa.

Við kunnum meðlimum Vitaðsgjafa bestu þakkar fyrir þessa veglegu gjöf. Nú þegar hefur verið keyptur verkfæraskapur á hjólum sem nauðsynlegur var á verkstæðið okkar og mun gjöfin nýtast okkur vel til frekari kaupa á búnaði í húsið okkar.

Einnig fengum við gjöf að upphæð kr. 100.000 frá Eyjafjarðarsveit sem mun einnig nýtast vel til búnaðarkaupa í húsnæðið.

Til minningar um Pétur Róbert

Sunnudaginn 9. mars komu fulltrúar frá björgunarsveitum á svæði 11 færandi hendi til okkar í Dalborg og færðu sveitinni Tyromont þyrlusekk að gjöf, til minningar um Pétur Róbert Tryggvason. Það voru yfir 30 manns sem komu til að afhenda gjöfina og tók stjórn Dalbjargar á móti þeim. Gjöfin er sérlega glæsileg, en um er að ræða sérstaka grjónadýnu þar sem unnt er að búa um sjúkling til flutnings og hífa upp í þyrlu án þess að nauðsynlegt sé að nota skel eða annan búnað samhliða.



Þyrlupokinn góði frá félögum okkar á svæði 11.

Við kunnum félögum okkar úr sveitum á svæði 11 innilegar þakkar fyrir þessa góðu gjöf, en þær eru: Björgunarsveitin Dalvík, Björgunarsveitin Jörundur í Hrísey, Björgunarsveitin Sæþór í Grímsey, Björgunarsveitin Tindur á Ólafsfirði, Björgunarsveitin Týr á Svalbarðseyri, Björgunarsveitin Ægir á Grenivík og Súgur, björgunarsveitin á Akureyri.

Takk fyrir okkur.



*Óskum viðskiptavinum okkar glæðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
Jólakveðjur — Starfsfólk Bakarísins við Brúna*



Opið virka daga frá kl. 7–18
Um helgar kl. 7–16



Útköll og aðstoð

30. desember 2013

Aðstoðarbeiðni barst Dalbjargarfélögum aðfaranótt gamlársdags ofan úr Sölvadal, en þar höfðu ábúendur á Eyvindarstöðum misst vélsleða ofan í gil við virkjun sem þar er. Þrír félagar fóru á tveimur bílum til hjálpar og við tók töluverð vinna við að spila sleðann upp, með blakkir, álkarla og annan búnað. Aðgerðin tók um 6,5 klst. í allt, en allt gekk vel og voru menn og búnaður heilir á eftir.

31. janúar 2014

Tvö útköll bárust félögum Dalbjargar þennan dag vegna þakplatna sem voru að losna. Í báðum tilvikum gekk fljótt og vel að manna verkið og einnig gekk vel að tryggja vettvang og sjá til þess að plötturnar héldust kyrrar.

5. mars

Þennan dag barst útkall frá svæðisstjórn um leit að manni við Grund í Eyjafirði, en bifreið hans fannst þar mannlús. Maðurinn fannst á svæðinu eftir nokkra leit, en Hjálparveitin Dalbjörg, Súlur, björgunarveitin á Akureyri og Björgunarveitin á Dalvík voru kallaðar í verkefnið.

21. mars

Þrír félagar á Dalbjörg 1 og 2 fóru til aðstoðar við bóndann í Sölvadal þetta kvöld,

þar sem hún komst ekki til síns heima vegna ófærðar í sveitinni. Ferðin gekk vel og allir komust heilir á leiðarenda.

3. apríl

Fimmtudaginn 3. apríl fóru 12 manns upp í Garðsárdal á báðum jeppum sveitarinnar, fjórum sleðum og snjóbil. Tilgangur ferðarinnar var að moka ofan af gangnaskálanum Adda sem er þar í dalnum. Snjórinn var orðinn það mikill að hann var að sliga skálann og því nauðsynlegt að moka af honum svo ekki yrði tjón á skálanum. Lagt var af stað um kl. 17 og komið heim um kl. 23 um kvöldið. Veður og færi var gott og allir voru ánægðir með afrekið þennan daginn.



Farið að glitta í þakið á Adda.



Síðan sést í skálann.



Snjóbíllinn í fullri vinnu við Adda.

4. apríl

Þennan dag fóru tveir félagar Dalbjargar á Dalbjörg 2 til aðstoðar við öikumann sem hafði fest bifreið sína á gamla veginum á milli Hrafnagilshverfis og Kristness. Sú aðgerð gekk vel og allir komust heilir heim.

6. apríl

Farið var með girðingaefni upp í fjall við Hólsgærði að beiðni bóndans þar. Snjóbíll sveitarinnar var nýttur til verksins.

13. júní

Föstudaginn 13. júní barst útkall til sveita á svæði 11 um leit að konu í Fljótshlíð, en hennar hafði verið leitað í nokkra daga. Sjö félagar frá Dalbjörg og tveir frá Tý á Svalbarðseyri ásamt leitarhundinum Ellý héldu af stað í verkefnið. Farið var á tveimur bílum sveitanna og lagt af stað suður um kl. 23:00 á föstudegi. Leiðin lá yfir Kjöl sem hafði nýlega verið opnaður og fær aldriðs bílum. Hópurinn kom í Fljótshlíð um



Dalbjargarfélagar og fleiri hjá skálanum Adda í Garðsárdal.



VÍS

VÍS óskar landsmönnum
gleðilegra jóla

kl. 05:00 á laugardagsmorgni og gat hvílst þar til leit hófst um kl. 10:00. Um morguninn skiptist hópurinn í þrennt. Einn félagar Dalbjargar fór til leitar með Aðalsteini og hundinum Ellý og Jóhannes fór í svæðisstjórn á svæði 16, til að byrja með í Birninum sem er færæðastjórnstöð aðgerðastjórnar, en var svo færður yfir á Hvolsvöll. Hinir félagarnir fóru á önnur leitarsvæði. Meðal annars var farið í breiðleit á lúpinusvæði í samvinnu við Skagfirðinga og Björgunarsveitina Klakk og einnig voru fjaran og ósar Markárflióts leitun, en það bar ekki árangur. Leitað til um kl. 19:00 þegar leit var hætt þann daginn. Eftir að leit var lokið var lagt af stað norður á ný og komu félagar í hús um kl. 04:00 að morgni sunnudagsins 15. júní.

21. ágúst

Útkall barst frá svæðisstjórn um leit að öldruðum manni í Öxnadal. Nokkrir félagar voru ferðbúinir og lagðir af stað þegar maðurinn fannst.

23. ágúst

Beiðni kom frá lögreglunni á Húsavík til svæðisstjórnar á svæði 11 vegna fjögurra ferðamanna sem voru fastir á Sprengisandsleið með bílaðan bíl. Hlynur og Ingi fóru af stað á *Dalbjörg 1* til aðstoðar fólkinu um kl. 14 og komu til baka um kl. 18. Aðgerðin gekk vel, allir komust heilir á húfi til byggða og sömuleiðis bifreið ferðafólksins, en í ljós kom að farin var lega í afturhásingu.

25. ágúst

Aðstoðarbeiðni barst þennan dag þegar félagar í Björgunarsveitinni Tý voru á leið í Tómasarhaga til að taka við gæslustörfum af Dalbjargarfélögum sem þar voru fyrir. Bifreið þeirra bílaði og fóru fjórir Dalbjargarfélagar til aðstoðar með nauðsynlegan búnað til þess að unnt væri að halda áfram ferðinni. Tveir félagar fóru úr húsi um kl.



Útkall í Garði.

17:00 á *Dalbjörg 2* en aðrir tveir lögðu af stað á einkabil félagsmanns um kl. 21:00 með frekari búnað. Vel gekk að koma bílaða bílnum í lag og voru Dalbjargarfélagar komnir í hús um kl. 01:30 aðfararnótt þriðjudags.

31. ágúst

Rétt fyrir klukkan 11 barst aðstoðarbeiðni til Dalbjargarfélaga vegna þakglugga sem var að fjúka af fjósinu á bænum Garði hér í sveitinni. Sex manns frá Dalbjörg fóru af stað til aðstoðar og festu niður þakgluggann, en hluti af glugganum hafði þó fokið af.

Gæsla vegna eldsumbrota

Félagar Dalbjargar stóðu vaktina í Tómasarhaga á Gæsavatnaleið í ágúst og september vegna eldsumbrotanna sem enn standa yfir í Holuhrauni og voru þar alls um fjóra sólarhringa. Fyrirkomulagið var þannig að sveitir á svæði 11 skiptust á

vöktum í Tómasarhaga í 1-2 sólarhringa í senn og fólst starfið í því að hindra það að fólk legði leið sína inn á hættusvæðið.

7. október

Um kl. 17:00 var óskað eftir aðstoð við Laugafell. Þar voru á ferð sex erlendir ferðamenn sem höfðu fest bíl sinn í snjó og vatni. Fjórir félagar lögðu af stað úr húsi á tveimur bílum Dalbjargar upp Eyjafjarðardalinn. Þegar félagar Dalbjargar voru á leið uppeftir hafði aðili sem var á ferð á þessum slóðum komið ferðamönnum til aðstoðar og dregið bíl þeirra upp. Dalbjargarfélagar fóru engu að síður á staðinn þar sem aðstoð vantaði við að koma bílnum og mannskapnum niður, en allir voru við góða heilsu. Félagar voru komnir aftur í hús rétt fyrir kl. 22:00.

25. október

Dalbjörg 1 og *2* voru á leið um Kerlingaflatir sunnan Kerlingafjalla þegar ekið var fram



Aðstoð á Kerlingarflötum.

**Parketslípun
og lagning**

**Nýsmíði
og viðhald**

ÁK SMÍÐI



Aðstoð á Kerlingarflötum.

á gangandi mann sem sagðist hafa fest bíl sinn þar um 2-3 km. frá. Farið var til aðstoðar manningnum, en bíllinn var fastur í á vegna krupa og klaka. Vel gekk að draga bíllinn upp úr ánni.

26. október

Dalbjörg 1 og *2* voru á leið norður Kjöl þegar ekið var fram á níu ferðamenn á tveimur jepplingum, en þau höfðu fest annan bíllinn á steini og komust hvergi. Þau sögðust vera á leið til Reykjavíkur suður Kjöl. Dalbjargarfélagar aðstoðuðu ferðamennina við að losa bíllinn og bentu þeim á að Kjölur væri ekki fær fyrir bíla af

þessari stærð. Ferðafólkinu var því næst leiðbeint niður í Blöndudal.

8. nóvember

Bændur báðu um aðstoð við að fara inn á Sölvadal og sækja kindur. Farið var á *Dalbjörg 1* auk einkabíls og nokkrar kindur sóttar sem ekki höfðu komið fram í göngum.

30. nóvember

Gamall braggi splundraðist vegna veðurs á bæ hér í sveitinni. Bændur voru ekki heima við og einn félagi Dalbjargar fór á staðinn til aðstoðar við að varna frekara tjóni.

2. desember

Þriðjudaginn 2. desember aðstoðuðu nokkrir félagar við lagfæringar á bæ hér í sveitinni vegna veðursins sem hafði gengið yfir helgina áður.

13. desember

Aðstoðarbeiðni barst um að draga upp fastan bíl þar sem keyrt hafði verið útaf veginum skammt frá Teigi í Eyjafjarðarsveit. Tveir félagar Dalbjargar fóru á *Dalbjörg 2* og björguðu málum. Engan sakaði og fólkið var keyrt til síns heima.

14. desember

Tveir félagar Dalbjargar sóttu heilbrigðisstarfsmann í Hrafnagilshverfið á *Dalbjörg 2* þennan morgun og keyrðu til vinnu á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Mikið hafði snjóað daginn áður og um nóttina og því var leiðin ekki vel fær, en allt gekk að óskum.

17. desember

Hjálparseitin Dalbjörg fór til aðstoðar vegna ófærðar á Akureyri og nágrenni, en fjöldi aðstoðarbeiðna var mikill þennan dag. Meðal annars voru tveir bílar dregnir upp þar sem þeir sátu fastir vegna ófærðar, snjó var mokað af þaki og ýmsum fleiri verkefnum sinnt.



Bestu óskir um
gleðileg jól,
gott og orkuríkt
komandi ár



Hálendisgæsla 2014

Snemma morguns þann 13. júlí sl. lögðu sjö meðlimir Dalbjargar af stað í Hálendisvakt björgunarsveitanna á tveimur bílum sveitarinnar. Okkar svæði var staðsett norðan jökla og aðsetur okkar var í Dreka, þar sem við fengum lítinn skála þar sem við gistum og höfðum aðstöðu þessa viku, en það var mjög notalegt og fór vel um okkur þar.

Á mánudeginum vorum við strax kölluð út til að aðstoða fasta bíla og skiptum við liði, en á einum stað á svæðinu var mikið svað á veginum sem varð til þess að bílar reyndu að keyra við hlið slóðarinnar. Næsta dag var Vegagerðin fengin til að koma og bera mól ofan í veginn. Aðalverkefnið sem við fengum þessa viku voru annars að aðstoða bíla sem höfðu drekkt sér í ám eða fest sig í drullu. Sem betur fer fengum við enga aðstoðarbeiðni alla vikuna þar sem einhver hafði slasast alvarlega. Einn daginn keyrðum við ofan í Fagradal, þaðan í Grágæsadal og að Kárahnjúkavirkjun í frábæru veðri þar sem við skoðuðum virkjunina en það var rólegur dagur í útköllum. Við gátum notað daginn meðal annars til að skoða þetta svæði á hálendinu þar sem aðeins örfá okkar höfðu komið þangað. Tveir félagar tóku sér síðan göngu á fimmtudeginum og héldu upp á Herðubreið en og sáu þaðan yfir allt svæðið í góðu skyggni. Einnig óku nokkrir félagar um veg við Holuhraun, þar sem eldgosíð er nú í fullum gangi og skoðuðu jarðsig á Urðarhálsi. Það var mikil upplifun og mikil hræðsla hjá sumum að standa og horfa þar niður.

Á fimmtudagskvöldinu fékk hópurinn góða æfingu í fyrstu hjálpi þar sem einn meðlimur sneri á sér ökkla og braut í honum lítið bein. Vel var hlúð að



Dalbjörg 1 með búnaðarkerruna á leið á Hálendisvaktina.



Aðstoð við ferðamenn í vandræðum.

sjúklingnum um kvöldið og hann fluttur heim á föstudagsmorgun ásamt því að tveir aðrir félagar fóru heim. Í stað þeirra kom einn til viðbótar í hóp þeirra sem áfram voru á vakt.

Þetta var mjög góð reynsla fyrir alla þá sem að komu. Stundum áttum við róleg kvöld í skálanum og þá elduðum við góðan mat, spiluðum og spjölluðum. Við kynntumst skálavörðum og landvörðum á svæðinu einnig vel og áttum góða viku með þeim. Við kynntumst þessu svæði vel og erum án efa öll reynslunni ríkari.

Ólína Rut Rögnvaldsdóttir.





Halli, Hreiðar og Jóhann á vaktinni.



Hreiðar, Stefán, Alexander og Ingvi við Kárahnjúkastíflu.

*Bestu óskir um
gledileg jól
og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á liðnu ári.*


GREIFINN
R E S T A U R A N T



www.greifinn.is | Sími: 460 1600



Unglingadeildin Bangsar

Unglingadeildin okkar fór af stað 15. janúar í ár og byrjuðum við á kynningarkvöldi sem haldið var í Félagsborg þar sem vinna stóð ennþá yfir í nýja húsnæðinu okkar í Dalborg. Guðlaug og Bjarney umsjónarmenn kynntu starf sveitarinnar og svo var farið í íþróttahúsið í kassaklifur.

Unglingadeildin er fyrir nemendur 10. bekkjar og var fyrir síðasta árgang starfrækt á vorönn 2014, en byrjaði heldur fyrr nú í vetur og hefur kynningarfundur þegar farið fram fyrir núverandi 10. bekk Hrafnagilsskóla. Farið er yfir margar hliðar á starfi björgunar-sveita og Slysavarnafélagsins Landsbjargar á tímabilinu. Sjö drengir voru með okkur síðasta vetur og stóðu þeir sig mjög vel á fundum og æfingum. Fundirnir okkar voru annan hvern þriðjudag fram á vorið. Var farið yfir alla helstu námsþætti í björgunarsveitarstarfinu, s.s. fyrstu hjálp, leitartækni, fjarskipti, rötun og fleira. Unglingadeildin Dasar á Dalvík buðu okkur í heimsókn og var það mjög fróðlegt og skemmtilegt, leitaræfing var sett upp og var gaman að sjá krakkana vinna saman við að leysa verkefnið. Einnig var sett upp

keppni í reipitogi á milli unglingsdeilda í lok kvöldsins. Við viljum þakka félögum okkar á Dalvík fyrir frábærar móttökur.

Unglingadeildin fór í eina jeppaferð á tímabilinu sem heppnaðist afar vel, farið var upp í Réttartorfu og gist þar eina nótt. Á síðasta fundi vetrarins fórum við yfir starf vetrarins, skoðuðum myndir og buðum upp á grillaða hamburgara

sem *Nautakjöt.is* gáfu okkur og þökkum við Einari í Garði kærlega fyrir það. Einnig viljum við þakka öllum félagsmönnum í Dalbjörg sem hjálpuðu okkur við fundina og jeppaferðina kærlega fyrir.

*Guðlaug Sigríður Tryggvadóttir
Bjarney Guðbjörnsdóttir
umsjónarmenn Unglingadeildarinnar Bangsa.*



Kristján að sýna unglungunum Dalbjörg 7.



Sendum Eyfirðingum okkar bestu jóla- og nýárskveðjur með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða

Starfsfólk Norðurorku

Es. farið varlega með flugelda og blys um áramótin


NORÐURORKA

Jeppaferð Bangsanna

Föstudaginn 25. apríl fór Unglingadeildin Bangsar í jeppaferð. Mæting var í Dalborg kl. 16:30 og lagt af stað hálf tíma síðar á þremur bílum með 12 manns innanborðs. Ferðinni var heitið upp í Réttartorfu í Bárðardal þar sem gist var eina nótt.

Ferðin upp eftir gekk mjög vel og var sól og blíða á okkur allan föstudaginn. Þegar komið var í skála vorum við fljót að koma okkur fyrir og umsjónarmenn og Ingi bílstjóri hófust handa við að útbúa kvöldmat sem var að þessu sinni grillað lambalæri og tilheyrandi. Sunna bílstjóri skellti sér með nokkrum af strákunum upp í gil fyrir ofan Réttartorfu að renna sér á rassapotum, en aðrir höfðu það gott í skálanum á meðan beðið var eftir matnum. Gítaristi

ferðarinnar spilaði svo fram eftir kvöldi og var mikið sungið.

Morguninn eftir var lagt af stað í brakandi blíðu frá Réttartorfu og stefnan tekin á skála sem heitir Slakki og er í Hraunárdal, en þar var hádegisnestið borðað. Þaðan var farið upp að Marteinsflæðum að svokallaðri Hitulaug þar sem tveir unglingar tóku sig til og skelltu sér í það. Við fórum yfir Skjálfandafljótið á Gæsavatnaleið og sem leið lá að Sandbúðum þar sem dimmdi talsvert og skall á okkur mikil þoka sem hægði verulega á för okkar. En við vorum með góða bílstjóra og var keyrt eftir GPS í Galtaból, Landakot og þaðan niður að Kerhólsöxlinni og komum við niður í Sölvadal um kl 21:30.

Við tölum örugglega fyrir munn allra þegar við segjum að þessi ferð var mjög skemmtileg og allir komu sáttir heim. Við umsjónarmenn viljum þakka Inga, Sunnu og Hreiðari, bílstjórum ferðarinnar, fyrir að hafa komið með og komið okkur öllum heilum heim. Elmari og Sunnu þökkum við einnig fyrir lánið á bílnum.

*Guðlaug Sigríður Tryggvadóttir
Bjarney Guðbjörnsdóttir*



Umsjónarmennirnir Guðlaug og Bjarney



Jonni, Bjarki, Kjartan, Sunna og Sævar að fara á rassapotur.



Ingi og Sunna að spá í málin.



Hópurinn við tæki ferðarinnar.



Hópurinn við Réttartorfu.



Ragnar Ágúst og Snorri Már að spila og syngja í Réttartorfu.



Unglingarnir við Hitulaug.



*Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár*



STRAUMRÁS hf.

FLUGELDAMARKAÐURINN HRAFNA GILSSKÓLA



Afgreiðslutími:

28. desember kl. 13-22


29-30. desember kl. 10-22

31. desember kl. 9-16

6. janúar (prettándinn) kl. 12-16

Flugeldasími: **867 8586**





Hjálparsveitin
DALBJÖRG

Samæfing á svæði 11

Laugardaginn 27. september sl. var haldin samæfing björgunarsveita á svæði 11. Súlum, björgunarsveitin á Akureyri stóð að æfingunni og kom svæðisstjórnin á svæði 11 einnig að æfingunni, en hún var haldin í Hrísey.

Æfingin var ekki síst haldin til þess að æfa viðbragð björgunarsveita við Eyjafjörð vegna atvika í eða við Hrísey, s.s. til að sjá hvaða bjargir væru til staðar í eyinni, hverju þyrfti að koma þangað, hve langan tíma það tæki o.s.frv.



Bátarnir úti fyrir Hrísey.



Félagar í Súlum á leið upp með sjúkling.

Atvikalýsing var þannig að bátur hafði sokkið úti fyrir Hrísey með 6 manns um borð. Áður en landhóparnir komust út í eyju höfðu félagar á bátum, bæði frá Jörundi í Hrísey og Súlum, fundið sjúklingana en þá hafði alla rekið á land í Hrísey.

Bjargir voru fluttar til eyjarinnar með Hríseyjarferjunni og síðan áfram á slystað eins langt og vegurinn náði með ýmsum aðferðum, s.s. stórum hjólbörum, sendibíl, sexhjól og bíl með kerru. Sexhjólíð flutti svo búnaðinn áfram eftir mólendi að syðsta vettvangnum, en þeir voru þrjár talsins. Björgunarmenn skiptust svo upp á hvern vettvang fyrir sig, en á öllum stöðum var þörf fyrir að tryggja björgunarmenn og sjúklinga með línur og öðrum fjallabjörgunarbúnaði. Sjúklingarnir höfðu ýmiss konar áverka sem þyrfti að meðhöndla, en höfðu það sameiginlegt að vera blautir og kaldir og

því var hætta á ofkælingu. Félagar Dalbjargar sem sóttu æfinguna voru margir hverjir óvanir, en stóðu sig mjög vel og voru til aðstoðar þeim reyndari.

Eftir æfinguna var haldinn fundur í húsnæði Súlna á Akureyri og farið yfir hvernig hafði gengið yfir daginn. Fjarskipti tókust t.a.m. alveg einstaklega vel, en þau voru í gegnum svokallaða gátt sem gerir það að verkum að það sem sagt er í Tetra talstöð kemur fram í VHF og svo öfugt, en það kallast að gátta fjarskipti. Á einum tímamarki þyrfti jafnvel að skipta um rás á VHF stöðvunum vegna staðsetningar bátanna og gekk það einnig hikstalaust.

Við þökkum Súlum og öðrum félögum okkar kærlega fyrir góða æfingu.

Sunna Axelsdóttir.

Myndir: Jón Hrói Finnsson og Haraldur Þór Óskarsson



Félagar Dalbjargar og Súlna taka á móti sjúklingi.



Búvís
ÁBURÐUR

www.buvis.is
Verið velkomin á vefsíðu okkar

**TRAUST OG GÆÐI
VELDU BÆÐI**



*Gæða áburður
á góðu verði*

Búvís ehf. | Akureyri | Sími 465 1332 | www.buvis.is





Æfingastjórnendurnir Anton og Elva Hrönn.



Séð niður að einum vettvangnum.



Um borð í Hríseyjarferjunni.



Böruburður. Félagar Dalbjargar og Súlna.



Mannskapur og búnaður í Hríseyjarferjunni.



Ólafur Ingi og Bjarki á leið með sjúkling heim á kerru.



Undirbúið að hífa sjúkling upp.



Við einn vettvanginn.



Óskum öllum farsældar
á komandi ári.

SJÓVÁ



Æfing Landssambands Hjálparveita skáta 1989

Eins og ykkur lesendum rennir í grun þá er komið að gömlu greininni eins og oft áður og er hér meiningin að stikla á stóru um æfingu sem við þrír félagar úr Dalbjörg fórum á í febrúar 1989. Kannski líka þegar ég fer að hugsa um það fjallar þetta um hve mikið búnaður, tæki o.fl. hafa breyst á þessum 25 árum.

Seinni hluta febrúar árið 1989 var blásið til æfingar fyrir beltatæki hjálparveita; snjóbíla og sleða. Staðsetningin var Nýjidalur á Sprengisandi. Undirbúningur hafði staðið yfir í langan tíma en hann var að mestu í umsjá þáverandi Hjálparveitar skáta á Akureyri. Hér heima í sveitinni vorum við þrír ákveðnir í að fara; Jóhannes Reykjalin, Tóbías Sigurðsson og undirritaður. Við reyndum við að græja okkur sem best en reyndar var fátt um leiðsögutæki í þá tíð. Eitt tæki sem var kallað lóran-C og því var komið fyrir á sleðanum hjá Jóhannesi. Þessi tæki voru svo sem mikil bylting á sínum tíma fram yfir gamla áttavitann, en höfðu þó sína galla. Þau voru t.d. mjög lengi að vinna og kannski það sem verra var, veður gat haft áhrif á nákvæmni þeirra eins og nánar kemur fram síðar.

En upp var runninn föstudagurinn 24. febrúar 1989. Stefnan var sett á Þormóðsstaði því við ætluðum fram Þormóðsstaðadal. Þar á túninu hittum við 5 eða 6 féлага frá skátunum á Dalvík sem ætluðu að verða samferða. Eftir kaffi hjá bændum var lagt í ann og gekk ferðin nokkuð vel fram dalinn og framundir botn, en þá fór að bera á gangtrufun í einum sleðanum frá Dalvík -



Við brottförina á föstudeginum.

einum þeirra sem átti að vera með þeim öflugri, 600 Indy Polaris sem var stór mótör á þessum tíma. Færið var líka að þyngjast og kominn lausasnjór í rúmlega hné. En hvað um það, þessi sleði stríddi okkur það sem eftir var ferðar með því að brenna alltaf einu kerti af þremur og vorum við farnir að undrast hvað þeir tíndu mörg ný kerti upp úr vösumum strákarnir. En upp úr dalnum komumst við og þá var stefnan sett á Landakot til að byrja með. Sú leið var svo sem ekki flókin, því á þeim tíma voru stórar stikur á þeirri leið og sjást sumar þeirra enn í dag. Allt virtist vera að virka og Jóhannes fór fyrstur með lóraninn en hafði að visu stuðning af fyrrnefndum stikum. En í Kotið komumst við og var þá komið myrkur og veður aðeins tekið að versna.



Gamli snjóbíll Hjálparveitar skáta á Akureyri.

Það var komin norðaustan gjóla og byrjað að skafa með jörðu, en hriðarlaust þó. Eftir stutt stopp var svo stefnan tekin í Nýjadal og sem fyrr fer Jóhannes fyrstur og við hinir í slóðina. Mig minnir að reyndasti maður Dalvíkinga hafi verið síðastur, en hann var líka með lóran tæki. Silast nú lestin til suðurs frá Landakoti og man ég að ég tók eftir því að vindurinn kom í vinstri öxlina á mér.

Er nú keyrt um stund og allt gengur vel. Sleði Dalvíkinganna farinn að ganga betur og minna um stopp, en á svona ferðalagi gerir maður sér enga grein fyrir því hvað tímanum líður. Allt í einu fer ég að velta því fyrir mér að við séum farnir að keyra nánast með vindinn í fangið. Annað hvort hafði vindáttin breyst eða lóraninn hjá Jóhannesi var eitthvað að rugla. Var nú stoppað og staðan tekin. Kom þá í ljós að lóraninn hjá Jóhannesi var að sýna tóma þvælu, en við sáu á tækinu hjá Dalvíkingum að við vorum búnir að keyra í hálfhring. Var nú sá sleði settur fremstur og mikið varð maður nú feginn þegar við fórum að keyra fram á slóðir eftir þá sem fóru upp úr Bárðardal. Við náðum í Nýjadal einhvern tímann eftir miðnætti. Var þá borðað og svo lagst í koju, því æfingin

*Bestu óskir um gleðileg jól
og farsælt nýtt ár*



VÉLSMIDJAN ÁSVERK

*Bestu óskir um gleðileg jól
og farsælt nýtt ár*

Daglegt brauð



Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt nýtt ár

SPORTVER

átti jó að byrja snemma daginn eftir.

Ræst var í bítið á laugardag og eftir mat var haldið í verkefni sem við fengum ásamt mörgum öðrum, en það var snjóflóðaleit langt inni á Jökuldalnum sjálfum. Gekki það nokkuð vel og var þar potað með stöngum lengi dags, fyrst í sæmilegu veðri en það tók að versna er leið á daginn með ofankomu og vindi á leiðinni í Nýjadal. Eftir að verkefnið var búið lenti Tóbbi í því að missa sleðann frá sér í brekku þar sem sveill var undir nýjum snjó og veltust þeir saman nokkurn spöl. Menn ruku svo til að aðstoða en Tóbbi bar sig vel, sagðist finna aðeins til í hægri hendi og sleðinn var að mestu heill, allavega ökufær. Héldum við þá í skálann. Eftir stutta dvöl þar versnaði verkurinn í hendinni hjá Tóbba og endaði með því að hann var settur í fatla og talið víst að eitthvað væri brákað. Undir kvöldið lauk svo þessari æfingu og sökum vöndrar veðurspár var ákveðið að drífa sig heim á leið strax á laugardagskvöldinu fyrst Tóbbi taldi sig geta keyrt, en það var þó hendin sem stjórnar bensínjöfnni á



Tóbbi í fatlanum...

sleðanum sem var orðin allaum hjá honum.

Gekki heimferðin nokkuð vel niður á Þormódsstaðadal þrátt fyrir hálfgerða stórhrið er leið á kvöldið. Niðri á dalnum komum við nánast í logn, en meira en metersdjúpt púður og þyngdi það verulega fyrir okkur. Voru léttustu og kraftmestu sleðarnir notaðir til að ryðja hálfgerðan skurð fyrir hina sem þyngri voru. Heim í Þormódsstaði komumst við snemma um nóttina og sáum við þá að við værum ekkert að setja upp á kerrur og fara á bílum burtu, því það var allt á kafi og við sáum ekki í kerrurnar. Þetta endaði þannig að Dalvíkingar fóru keyrandi alla leið út á Dalvík og við hinir fórum á sleðunum heim sömuleiðis. Við vorum komnir niður í Steinhólaskála undir morgun og ég fékk að leggja mig hjá þeim Kristjáni og Helgu, en Jói fylgdi Tóbba. Kom síðar í ljós að Tóbbi var handabrotinn og einhvernveginn held ég að það hafi ekki verið notalegt að stýra sleða þannig í marga klukkutíma.

En heim komst ég seinnipart á sunnudegi og svona í minningunni er þetta hálfgerðt ævintýri, held að engum dytti þetta í hug í dag. Búnaður sleðamanna er ansi mikið betri núna; Tetra talstöðvar, GPS tæki, snjóflóðaylar og fleira er orðinn staðalbúnaður í sleðaferðum. En heim komum við reynslunni ríkari. Sumir af Akureyringunum urðu veðurtepptir og komust ekki heim fyrir en á miðvikudag, minnir mig.

Lesandi góður, þetta var smá upprifjun frá gamalli æfingu í febrúar 1989. Já, margt hefur nú breyst á þessum rúmu 25 árum. Að lokum óska ég ykkur árs og friðar.

Ingvar Þ. Ingólfsson.



Sleðarnir okkar í dag.



Vel búinn sleðamaður.



Kristján að græja sleðann í Dalbjargarferðinni 2014.

Eins og sjá má af greininni hefur margt breyst á undanförunum árum varðandi tækjabúnað sem notaður er hjá björgunarsveitum. Tæknibreytingar hafa verið órar, sérstaklega hvað varðar fjarskipti og staðsetningartæki sem ökumenn þurfa að kunna skil á. Þekking á sínu svæði er síðan auðvitað mjög mikilvægur þáttur, hvort sem er nú eða fyrir 25 árum síðan. Sleðaflokkur Dalbjargar heldur nú úti tveimur sleðum af gerðinni Arctic Cat ProClimb árg. 2014. Sleðarnir fá gott viðhald og umhirðu og eru ávallt tilbúnir í húsi með þeim búnaði sem nauðsynlegur er í útköll. Á heimasíðu sveitarinnar, www.dalbjorg.is, má sjá meira um útbúnað sleða og ökumanna.

Bestu óskir um *gledileg jól*

og farsælt nýtt ár

RAGNAR & EIDUR ehf

Verktaki - Vélaleiga

Símar 866 0524 & 861 5537

NB
LANDBÚNAÐUR ehf.
NB Agriculture Ltd.

Bestu óskir um *gledileg jól*

og farsælt nýtt ár

STEYPUSÖGUN NORDURLANDS

Sími 864 2530

Bestu óskir um *gledileg jól*

og farsælt nýtt ár



SAMHERJI



Haustferð Dalbjargar 2014

Föstudaginn 24. október héldum við í okkar árlegu haustferð. Ferðinni var heitið í Kerlingarfjöll þar sem við gistum tvær nætur. Við hittumst í Dalborg seinnipart föstudagsins, 17 manns á fimm bílum. Fyrsta stopp var í Varmahlíð þar sem hópurinn fékk sér kvöldmat áður en haldið var á fjöll. Við ókum suður Kjöl og gekk ferðin vel, en við vorum komin í Kerlingarfjöll um kl. 22:00.

Á laugardagsmorgni var hópurinn ræstur með hafragraut upp úr kl. 8. Ákveðið var að keyra hring um svæðið og skoða okkur um. Frá Kerlingarfjöllum keyrðum við að skálanum Setri og vorum þar um hádegi svo matur var snæddur þar. Eftir að allir voru mettir var ekið sem leið lá að Kisugljúfri sem var stórfenglegt og flott að standa á gilbrúninni

og horfa ofan í það. Við keyrðum síðan frá Kisugljúfri að skála sem heitir Klakkskáli og þaðan í Leppistungur. Þegar við vorum á leið um Kerlingarflati á leið í Kerlingarfjöll keyrðum við fram á gangandi mann sem sagðist hafa fest bíl sinn í á þarna rétt hjá. Við fórum að ánni og hjálpuðum honum og félögum hans sem voru í bílnum að ná bílnum upp úr ánni og ferðin okkar breyttist því í björgunaraðgerð. Við héldum heim í skála eftir þetta og var grillað, borðað, sungið og spilað á gítar fram eftir kvöldi.

Sunnudagsmorgunin hófst líka á hafragraut eins og er orðið að hefð í okkar ferðum. Ákveðið var að kanna gönguleiðir um Hveragil og var hluta af hópnum skutlað upp eftir gilinu og var áætluð að komast ofan í gilið og labba niður í skála. Þetta varð tæplega tveggja



Hreiðar við Gyggjarfoss.

tíma ganga sem heppnaðist mjög vel. Hópurinn skipti sér í tvennt og fórum við niður í gilið á tveimur stöðum og mættumst svo niðri. Þetta var sannkölluð ævintýraganga.

Haldið var heim á leið um Kjöl með viðkomu á Hveravöllum. Við Dúfunesfell á Kili keyrðum við fram á tvo jepplinga sem í voru níu erlendir ferðamenn, en þau höfðu fest annan bílinn á steini og komust hvergi. Við losuðum bílinn fyrir þau og ókum þeim jafnframt niður á þjóðveg 1 þar sem Kjölur var ekki fær fyrir bíla af þessari stærð. Þau þökkðu vel og innilega fyrir og voru fegin að komast á góðan veg aftur. Kvöldmatur var snæddur í Varmahlíð og komum við svo heim í Dalborg um kl. 21:00.

Guðlaug Sigríður Tryggvadóttir.



Bílar á ferð fyrir neðan Kisugljúfur.



*Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár!*





Hópur Dalbjargarfélaga í haustferðinni 2014.



Sindri, Ólína, Eiður og Hreiðar.



ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

Sérsmíðum eldhúsinnréttingar,
baðinnréttingar, fataskápa
og innihurðir.

Ókeypis ráðgjöf og
prívíddarteikningar fylgja
öllum tilboðum.

Nánari uppl. á
www.ssbyggir.is
og í síma 460-6100

TAK
INNRETTINGAR

BYGGINGAVERKTAKI
SS BYGGIR



SS BYGGIR EHF • Njarðarnes 14 • 603 Akureyri • Sími: 460 6100 • ss@ssbyggir.is

www.ssbyggir.is



Molar úr starfinu

Viðburðir

Stóra Dalbjargarferðin var farin dagana 14.-16. mars. Stefnan var á Réttartorfu og Gæsavötn en sökum leiðindaveðurs á laugardeginum var dvalið í Réttartorfu báðar nætur, en síðan haldið heim á sunnudag. Þá fórum við inn að Suður-árbotnum og tókum stefnuna að Sel-landafjalli. Síðan komum við niður hjá Hverfjalli við Mývatn.

Æfingaferðir voru farnar alloft, bæði á bílum og sleðum til að reyna nýja öku-menn og halda hinum eldri við efnið, t.d. var æfingadagur hjá tækjaflokki 8. febrúar og dagsferð var farin þann 30. mars.



Halli aðeins að hjálpa til. - Dagsferð 30. mars 2014.

Páskagangan okkar árlega var haldin á Hrafnagili þetta árið, föstudaginn langa þann 18. apríl. Gengið var frá Dalborg, með bökkum Eyjafjarðarár að austan og að Munkaþverá. Þátttaka var með ágætum og fengu bæði gestir og félagar vöflukaffi eftir gönguna, en vindur var allhvasv svo þörf var á hressingu eftir átökin. Einhverjir kusu að hjóla leiðina, sérstaklega yngri kynslóðin.

Fjölskyldudagur Dalbjargar var haldinn þann 1. maí á Víkurskarði. Sveitin bauð upp á pylsur og svala, en þátttaka var með besta móti - upp undir 30 manns auk félaga F4x4 sem einnig voru á svæðinu. Veðrið lék auðvitað við okkur eins og venjulega.

Vígsla nýja hússins okkar, Dalborgar og vorfögnuður félaga sveitarinnar voru haldin þann 17. maí.

Litlu-jólin voru haldin í Funaborg 6. desember. Lambalæri voru grilluð ofan í mannskapinn, farið í hinn hefðbundna pakkaleik, hlegið að skemmtiatriðum og sungið og spilað fram á kvöld.

Nokkuð var um stórafmæli björg-



Börn við leik á fjölskyldudegi Dalbjargar.

unarsveita í nágrenni við okkur á árinu, en félagar Dalbjargar heimsóttu Súlur, björgunarsveitina á Akureyri 1. nóvember í tilefni af 15 ára afmæli sveitarinnar og Björgunarsveitina Gretti 22. nóvember í tilefni af 80 ára afmæli sveitarinnar. Björgunarsveitin Strandasól fagnaði einnig 40 ára afmæli í nóvember en við sáum okkur því miður ekki fært að mæta í boðið.

Fjáraflanir

Flugeldasalan var í Hrafnagilsskóla líkt og síðustu ár og gekk bæði skipulag og sala vel.

Handverkshátíðin var haldin í Hrafnagilsskóla dagana 7.-10. ágúst og var

Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár



Bestu óskir um *gleðileg jól*
og farsælt nýtt ár



Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár



Silva hráfæði ehf
Syðra Laugalandi efra
Eyjafjarðarsveit

Bestu óskir um gleðileg jól
og farsælt nýtt ár



Símar: 848-9114 - 862-8833 - 895-3883 | malbikun@simnet.is | www.malbikun.is

samvinna félaganna í sveitinni eins og verið hefur. Dalbjargarfélagar sáu að venju um uppsetningu og frágang að miklu leyti og einnig sjúkragæslu á hátíðinni og margt fleira.

Okkar árlega girðingavinna var unnin í lok júní. Einnig fórum við í fjáröflun um sveitina við að sækja lífsýni fyrir Íslenska erfðagreiningu og gekk það mjög vel. Einnig sinntum við gæslu á þorablóti ásamt Týsmönnum á Svalbarðseyri.

Fundir, ráðstefnur o.fl.

Aðalfundur Hjálparveitarinnar Dalbjargar 2014 var haldinn í Dalborg þann 24. apríl. Stjórnarmenn eftir fundinn voru eftirfarandi: Kristján Hermann Tryggvason, formaður, Eiður Jónsson, varaformaður, Sunna Axelsdóttir, ritari, Jóhannes Jakobsson, gjaldkeri og Ingvar Þ. Ingólfsson, meðstjórnandi. Einnig var skipað í húsnafnd.

Almennir fundir voru 11 talsins og



Stoppað og málin rædd - Stóra Dalbjargarferðin 2014.

stjórnarfundir haldnir reglulega fyrir almenna fundi og eftir þörfum. Smærri fundir og hópafundir voru haldnir eftir þörfum hverju sinni. Fulltrúaráðsfundur var haldinn þann 28. nóvember og hann sótti Kristján formaður. Formannafundur var haldinn í Stykkishólmi 26. apríl. Svæðisstjórn fundaði reglulega, en tveir stjórnarmenn eru nú í svæðisstjórn á svæði 11 frá Dalbjörg.

Ráðstefnan Björgun 2014 var haldin 17. október og hana sóttu nokkrir félagar.

Slysavarnir

Hin árlega reykskynjarayfirferð og sala á Neyðarkallinum stóðu yfir dagana 6.-9. nóvember. Farið var í hvert hús í sveitinni að venju og gekk þetta allt saman mjög vel.

Nokkrir félagar tóku að sér að heim-sækja leikskólann Krummakot og Hrafnagilsskóla og gefa nemendum endurskinsmerki fyrir hönd sveitarinnar líkt og gert hefur verið undanfarin ár. Eins og venjulega vöktu þessar heim-sóknir mikla ánægju.

Félagar Dalbjargar tóku að sjálfsögðu þátt í Hálandisvakt björgunarsveitanna og tóku vakt í eina viku norðan jökla. Um það ævintýri má nánar fræðast annars staðar í blaðinu.



Gulla, Sunna og Ólína á fjölskyldudegi.

Námskeið

Allnokkur námskeið voru haldin hjá Dalbjörg á árinu.

Námskeiðið Björgunarmaður í aðgerðum var haldið þann 14. janúar í Dalborg.

Fjarskipti og Tetra voru haldin laugardaginn 18. janúar.

Einn félagi sótti endurmenntun í Wilderness First Responder helgina 25.-27. janúar.

Fjallamennska 1 var haldin á Grenivík dagana 1.-2. febrúar og þangað fóru 9 manns frá Dalbjörg.

Námskeið í hópstjórnun var einnig haldið á Akureyri 1.-2. febrúar og það sóttu einnig nokkrir félagar.

Dagana 4.-5. apríl var Fyrsta hjálpi 1 haldin hjá okkur. Námskeiðið sóttu um 10 manns og leiðbeinandi var Stefán Magnús Jónsson.

Námskeiðið Hópslys var haldið þann 15. nóvember sem 8 manns sóttu.

Auk þessara námskeiða nýttu félagar sér fjarnámskerfi Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

*Óskum viðskiptavinum okkar
farsæls komandi árs
með þakklæti fyrir það sem er að líða*



Eyjafjarðarsveit



Bestu óskir um
glæðileg jól
og farsælt nýtt ár

BYKO
BÚDU BETUR, BORGADU MINNA.

Óðinsnes 2
Sími 460 4800



Bestu óskir um
glæðileg jól
og farsælt nýtt ár

Deloitte.



Bestu óskir um
glæðileg jól
og farsælt nýtt ár!

G Gröfur
Óseyri 2 • 603 Akureyri
Sími 462 5700 • Fax 462 5701

DALBJÖRG PAKKAR VEITTAN STUDNING

BÚTUR
PÍPULAGNINGADJÓNUSTA
AKUREYRI

Njarðarnes 9 - 603 Akureyri
Sími 412-0400 - Fax 412-0401



Plastás ehf
Einangrunarplast

Óseyri 4 - Sími 462 7799

BÍLVIRKNI ehf.
Goðanesi 8-10

B BLIKKRÁS EHF

Öll þrif fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili



Óskum starfsmönnum okkar og viðskiptavinum
glæðilegra jóla og farsældar á nýju ári

Allar vörur til ræstinga, áhöld, hreinsiefni, pappír og plast



Frotagötu 4 C 603 Akureyri
Símar: 461-5232 / 892-5232 / 865-8114 /
865-2425 (vaktsími allan sólarhringinn)
email thrif@thrif.is / www.thrif.is

MOTUL

Búðin Akureyri



Dalbjörg notar Motul gæðaoliur á sín tæki sem standast álagið.

MOTUL

GARMIN[®]

Umboðsaðili á norðurlandi

**Arctic Cat tæki
fyrir vandláta**





*Gledileg jól og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.*

FINNUR EHF
VERKTAKAR - VÉLALEIGA